

Listilegur leikur

MYNDLIST

Fyrirmyndir, Ólöf Nordal

★★★★☆

Listasafn ASÍ

Listahátíð í Reykjavík. Til 6. júní. Opíð alla daga nema mánudaga frá kl. 13-17.

Ólöf Nordal sýnir sex stórar ljósmyndir í Listasafni ASÍ en henni tekst að segja ótrúlega mikið í þessum fáu myndum. Eins og list Ólafar er sýningin full af sögum, vangaveltum, trega og svörtum húmor, lókal og alþjóðlegum í senn. Því allar þjóðir eiga í basli með menningararfinn, ekki bara við, þó að hér gæti vandamálið verið snúnara en hjá sumum öðrum.

Ólöf sýnir máttvana tilburði okkar við að varðveita hið óáþreifanlega og ósnertanlega í kaldhæðnu en líka innilegu ljósi. Ein eftirminnlegasta myndin er af Einari Benediktssyni. Ekki beint af honum samt, heldur af heila sem sagður er vera hans, geymdur í formalíni í Líffærasafni HÍ. Þetta er falleg og innihaldsrík mynd, áminning um að raunveruleg verðmæti eins og sköpunargáfa verða ekki mæld með mælistiku. Hún er einnig vitnisburður um hugsunarhátt liðins tíma. Ekki síst er myndin sjálf falleg, birtan, litirnir, samspil forgrunns og bakgrunns, form krukunnar. Myndirnar af geirfuglinum og eftirlíkingu hans eru annað dæmi um vonlausa tilburði til þess að varðveita það horfna og liðna, grátbroslegt dæmi úr sögunni og um leið svo skýr áskorun til okkar að gæta nú þess sem enn verður bjargað í samtímanum.

Á efri hæð eru þrjár myndir af fólki og vaxmyndum. Vaxmyndirnar eru hluti af gamla íslenska vaxmyndasafninu. Á skjön við línulegt og óstöðvandi flæði tímans standa saman mynd föður og sonur, dóttir og mynd föður. Þær eru kómískar þessar gömlu, klunnalegu vaxmyndir og langt frá því að líkjast lifandi fólki. Hér er Ólöf Nordal í essinu sínu.



Eitt af verkum Ólafar Nordal í Listasafni ASÍ.

Kjarni lífsins, hin eilífa hringrás, spurningar um eðli listarinnar, eiginleikar frummynda og eftirmynda – öllu er slegið saman og snúið upp á það í þessari mynd, áleitnu og eftirminnilegu myndröð.

Ólöf fangar af hugvitssemi og hnyttni mikilvæga þætti í samtímanum. Það lætur henni vel að vinna, þó að óbeint sé, með brýn málefni liðandi stundar. Um leið skapar hún listaverk sem standast tímans tönn. Flott sýning.

Ragna Sigurðardóttir

Skugginn sem bendir á ljósið

MYNDLIST

Gary Schneider

★★★★☆

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsið
Opíð 10-17 alla daga nema fimmtudaga til 22. Sýningu lýkur 29. ágúst.
Aðgangur ókeypis.


Nekt eins og hún er skrifuð inn í sögu listarinnar er jafnan í fagurfræðilegu samhengi og oftast en ekki notuð til að leggja áherslu á formræn hlutföll. Nekt er að einhverju leyti afhjúpan á manneskjunninni. Þ.e. að manneskja án klæða birtist okkur eins og hún er sem hefur vissulega fegurðargildi.

Á laugardaginn var opnuð sýning á ljósmyndum eftir suðurafríska listamanninn Gary Schneider í Hafnarhúsinu – Listasafni Reykjavíkur. Sýningin ber yfirheitið *Nekt* og samanstendur af 30 myndum í raun-stærð sem hver og ein sýnir manneskju án klæða í „frosinni“ stellingu, starandi út í rýmið.

Nektin sem birtist í verkum Schneiders opinberar formræna afbökun á mannlíkama fremur en manneskjuna eins og hún er, en Schneider notar tækni sem byggist á að afmarka líkamshluta en fanga líkamann í einni samfelldri myndatöku sem getur tekið allt að fjórar klukkustundir

í framkvæmd. Aðferðin er í sjálfu sér einföld. Manneskjan liggur nakin á svörtu klæði og fyrir ofan hana er myndavélin kyrrsett með opíð ljósopið. Schneider lýsir með vasaljósi á ólíka hluta af líkamnum og þegar myndin er svo framkölluð er líkaminn heill á myndinni en formin komin úr samhengi. Útlímur eru rangir, húðlitur óeðlilegur og sérkenni ýkt þannig að ásýnd manneskjunnar verður grótesk.

Ég legg hér áherslu á hugtakið „gróteska“ en því hefur verið gefinn furðu lítill gaumur í fagurfræðilegri greiningu miðað við mikilvægi þess í listum. Franski rithöfundurinn Victor Hugo á sennilega heiðurinn af að gefa hugtakinu merkingu í samræmi við skilning okkar á öðrum hugtökum fagurfræðinnar. En í frægri grein frá árinu 1827 (tveimur árum áður en hann gaf út Hringjarann frá Notre Dame) tefldi Hugo grótesku gegn fegurð og ægífegurð. Hugo sagði grótesku vera sambland af hryllingi, ógn og kómík og áminnti að ekki væri öllu í sköpunarverkinu ætlað að þóknast fegurðarskyni mannsins og að ljótaleikinn væri í sambúð með fegurðinni rétt eins og skugginn er í sambúð með ljósinu. Í raun gaf Hugo grótesku vægi innan fagurfræði þar sem



Ein af ljósmyndum Schneiders.

feegurð er að finna í viðurkenndu hlutfallslegu eða formrænu jafnvægi, ægífegurð er í formleysi eða takmarkaleysi en gróteskan er það sem er í stöðugum átökum við formræna takmörkun og viðurkennd hlutföll.

Það eru akkúrat þessi sömu átök í ljósmyndum Schneiders sem hrista upp í manni. Þær leiða manninn á svið skynjunar sem við þekkjum t.d. úr málverkum Francis Bacon og í sumum kvikmyndum Davids Lynch, þar sem afbökunin beinir okkur í átt að fegurðargildinu rétt eins og skugginn sem bendir okkur á ljósið.

Jón B.K. Ransu

Söfnin í landinu



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Klippt og skorið

Um skegg og rakstur

Söguslóðir

Í fótspor W.G. Collingwoods

Mánudaginn 24. maí:

Tveir fyrir einn af aðgangseyri!

Opíð alla daga 10-17. Aðgangur ókeypis fyrir börn.
www.thjodminjasafn.is – s. 530 2200



LISTASAFN ÍSLANDS

ÓNEFND KVIKMYNDASKOT, Cindy Sherman 16.5. - 5.9. 2010

Sýningin er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík, 2010

Sunnudagsleiðsögn kl. 14

í fylgd Guðmundar Arnar Ingólfssonar ljósmyndara.

ÁFANGAR, verk úr safneign

16.5. 2010 - 31.12. 2012

EDVARD MUNCH 16.5. - 5.9. 2010

SAFNBÚÐ

FERMINGAR- OG ÚTSKRIFTARTILBOÐ á listaverkabókum.

Fríkirkjuvegi 7, 101 Reykjavík, sími 515 9600

OPIÐ daglega kl. 11-17, lokað mánudaga

Allir velkomnir! www listasafn.is



ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Handritin – Saga þeirra og hlutverk um aldir.

ÍSLAND::KVIKMYNDIR 1904-2009.

Þróun kvikmyndagerðar á Íslandi.

Um 100 íslenskar kvikmyndir, sem hægt er að skoða í fullri lengd.

„Íslendingar“. Ljósmyndasýning Sigurgeirs Sigurjónssonar og Unnar Jökulsdóttur. Þjóðarsálin fönuguð í myndum og texta.

Þjóðin og náttúran. Íslensk dýralífsmynd fyrir börn og fullorðna. Myndgerð: Páll Steingrímsson.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ, Hverfisgötu 15, Reykjavík
Opíð daglega kl. 11.00 -17.00. www.thjodmenning.is



Hafnarborg

16. maí - 20. júní 2010

Staðir - Friederike von Rauch
20. maí - 20. júní

Það er eritt að vera listamaður í líkama rokkstjörnu - Erling T.V. Klingenberg

Opíð 12-17, fimmtudaga 12-21, lokað þriðjudaga
www.hafnarborg.is
sími 585 5790
Aðgangur ókeypis



Listasafn Reykjaneshæjar
Efnaskipti/Metabolism:

Anna LINDAL, Guðrún Gunnarsdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Hrafnhildur Arnardóttir, Rósa Sigrún Jónsdóttir.

Sýningin er á dagskrá Listahátíðar

Byggðasafn Reykjaneshæjar
Bátasafn Gríms Karlssonar

Opíð virka daga 11.00-17.00
helgar 13.00-17.00
Aðgangur ókeypis
reykjanessaer.is/listasafn



VÍKINGAHEIMAR
Skipið Íslendingur og
sögusýning
- Söguleg skemmtun

VÍKINGABRAUT 1
- REYKJANESBÆ
Opíð alla daga
frá 11:00 til 18:00
Sími 422 2000
www.vikingaheimar.com
info@vikingaheimar.com

LISTASAFN
ÁRNESINGA
Hveragerði

AÐ PEKKJAST PEKKINGUNA
15 samtímalistamenn

Kaffistofa – leskró
Barnahorn

OPIÐ: alla daga. kl. 12-18
AÐGANGUR ÓKEYPIS
www.listasafnarnesinga.is